

Fundargerð 55. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 9. júní kl. 11:30 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Valgerður Rún Benediksdóttir lögfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Friðrik Már Sigurðsson boðaði forföll

1. Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. - 2101061SA

Frumvarp til laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna er í lokameðferð alþingis. Sameiginlegur fundur fræðslu- og félagsmálanefnda sambandsins ræddi innleiðingu væntanlegra laga. María Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur, fóru yfir helstu áherslur sambandsins og mikilvægi samhljóms meðal sveitarfélaganna þegar kemur að innleiðingu. Fram kom að jöfnunarsjóður fær það verkefni að útdeila fjármunum sem fylgja munu. Í nokkrum sveitarfélögum er þegar hafin samþættingarvinna þvert á svið og mikilvægt að önnur svf. geti hagnýtt góðar fyrirmyndir. Þá þarf að undirstrika kröfur um þétt samstarf ríkis og svf. við innleiðingu og breytingarferlið. <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-3014.pdf>

Félagsþjónustu- og fræðslumálanefndir sambandsins vilja hvetja sveitarfélög til þess að hefja undirbúning innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Slíkur undirbúningur getur falið í sér endurskoðun verkferla með aukinni áherslu á samhæfingu verklags þvert á svið. Leggja nefndirnar til að sambandið miðli upplýsingum frá sveitarfélögum sem þegar eru komin áleiðis í sambærilegri vinnu auk upplýsinga frá félagsmálaráðuneyti um framgang innleiðingar laganna.

2. Staða barna með fjölþættan vanda. - 2009313SA

Lögð fram til kynningar skýrsla vegna barna með fjölþættan vanda sem unnin var af samráðshópi velferðarmála samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslunni er áréttað að börn með fjölþættan vanda eru með flóknar þjónustubarfir sem kallar á samsetta þjónustu allra þjónustukerfa bæði ríkis og sveitarfélaga. Síðasta áratuginn hefur kostnaður vegna vistunar og þjónustu við þennan hóp aukist mjög hjá sveitarfélögum og er sá kostnaður kominn að þolmörkum hjá sveitarfélögum. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að sú nauðsynlega uppbygging sem er framundan í tengslum við væntanleg lög um

sambætta þjónustu í þágu farsældar barna að börn á öllu landinu og fjölskyldur þeirra hafi jafnan aðgang að úrræðum án kerfislægra eða fjárhagslegra hindrana.

Félagsþjónustunefnd tekur undir það sem fram kemur í skýrslunni að úrræði skortir í þjónustu við börn með fjölþættan vanda og að kostnaður vegna vistunar og þjónustu við þennan viðkvæma hóp barna hefur færst frá ríki til sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að fá viðræður við ríki um kostnaðarskiptingu og aukin úrræði sem er í samræmi við stefnumörkum stjórnvalda um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna. Nefndin skorar á ríkið að hefja nú þegar viðræður við sveitarfélögin um ábyrgð, verklag og kostnaðarskiptingu þessara mála.

3. Stefnumótun í öldrunarþjónustu. - 2104028SA

Heilbrigðisráðherra fól Halldóri S. Guðmundssyni að gera drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu við aldraða til 2030. Sambandið efndi til funda með Halldóri ásamt fulltrúum sveitarfélaga í nefndum og ráðum innan málaflokksins. Markmið fundanna var að eiga samtali um áherslur sveitarfélaga á sviði öldrunarþjónustu. Sambandið hefur unnið drög að áherslum af hálfu sveitarstjórnarstigins og er hugmyndin að leggja skjalið fram þegar drög að stefnumótun í öldrunarþjónustu kemur til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Skjalið hefur verið sent til fulltrúa hjá sveitarfélögum með beiðni um að koma með frekari ábendingar og athugasemdir.

Fundi var slitið kl. 12:30

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir